

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 830/2011 um ökuskírteini

1. gr.

Á 2. tl. 5. mgr. A. liðar 8. gr. er gerð eftirfarandi breyting:

Í stað „C- og D-flokki enda hafi umsækjandi“ kemur „C1-, C-, D1- og D-flokki enda hafi umsækjandi ...“

2. gr.

Eftirfarandi breyting er gerð á 9. gr.:

4. mgr. fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 10. gr.

- a. Í dálki með fyrirsögninni „2. Bóklegt nám fyrir hvern flokk – Stundir“ í BE línu fellur niður talan „4“.
- b. Í dálki með fyrirsögninni „2. Bóklegt nám fyrir hvern flokk – Stundir“ í C1E/D1E línu fellur niður talan „4“.
- c. Í dálki með fyrirsögninni „2. Bóklegt nám fyrir hvern flokk – Fækkun vegna fyrra náms - Flokkur“ í C1E/D1E línu fellur niður „BE“.
- d. Í dálki með fyrirsögninni „2. Bóklegt nám fyrir hvern flokk – Fækkun vegna fyrra náms - Stundir“ í C1E/D1E línu fellur niður talan „-4“.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 34. gr.:

- a) Í 1. tl. 1. mgr. á milli „B-“ og „T-flokkur“ bætist við: „BE-“
- b) Í d-lið 3. tl. 1. mgr. fellur brott: „BE-“

5. gr.

Á 40. gr. er gerð eftirfarandi breyting:

Undir iv.-lið í c-lið 1. tl. 1. mgr. fellur brott: „BE-“

6. gr.

Eftirfarandi breyting er gerð á III. kafla I. viðauka:

Í tölulið 3 við tákntölu 500 og 525 bætist við: „BE-“

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 52. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, x. 2016.

Greinargerð

Um 1. gr.

Í 1. gr. er gerð tillaga um að breyta reglugerð um ökuskírteini þannig að heimilt verði að kenna og prófa á sjálfskiptar bifreiðar í C1- og D1-flokki. Þessi heimild er nú þegar í ökutækjaflokkum C og D (stærri vöru- og hópibifreiðar). Sama þróun á sér stað í C1- og D1-flokki. Bifreiðarnar eru flestar með sjálfskiptingu og því þykir nú rétt að heimila próf á sjálfskipta bifreið í þeim flokkum með sama hætti og skilyrðum og í C- og D-flokki. Fyrirkomulag er með þessum hætti í nokkrum Evrópulöndum og í Noregi er breyting í þessa veru í undirbúningi. Rétt þykir að skoða í framhaldinu ákveðið valfrelsi í B-flokki (fólksbifreið/sendibifreið) þannig að valkvætt verði að taka ökuþróf á sjálfskipta eða beinskipta bifreið.

Um 2. - 6. gr.

Greinarnar fela í sér tillögu um að breyta fyrirkomulagi kennslu til eftirvagnaréttinda í BE-flokki (stór eftirvagn við fólksbifreið), C1E-flokki (stór eftirvagn við litla vörubifreið) og D1E-flokki (stór eftirvagn við litla hópibifreið) þannig að krafa um 4 tíma bóklegt námskeið er felld niður. Nemandi fái frelsi til að velja með hvaða hætti hann aflar sér nauðsynlegrar þekkingar á reglum um akstur með eftirvagna, lögmál sem gilda um slíkan akstur, hættum honum samfara og góðum akstursháttum sem stuðla að auknu öryggi. Þekking og færni verður eftir sem áður könnuð í verklegu prófi sem felur í sér bæði munnlegt próf og próf í aksturshæfni. Ennfremur að réttindi til verklegrar kennslu í BE-flokki verði ekki einskorðuð við þá ökukennara sem hafa réttindi til kennslu aukinna ökuréttinda, heldur til ökukennara almennt sem sjálfir hafa réttindi til að aka með stórar kerrur.